

**ÁKVÖRDUN nr. 178****frá 9. desember 1999****um túlkun 1. og 2. mgr. 111. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72**

(2000/749/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 <sup>(1)</sup>, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd eða túlkun ákvæða reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Túlkun 1. og 2. mgr. 111. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 hefur hvað eftir annað valdið erfiðleikum.
- 2) Samræmd túlkun í öllum aðildarríkjum er nauðsynleg.
- 3) Við ákvarðanatöku skulu skilyrði 3. mgr. 80. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 lögð til grundvallar.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. Í 1. og 2. mgr. 111. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 skal merking orðsins „bótaþegi“ vera:
  - sá einstaklingur sem samkvæmt löggjöf aðildarríkis hefur rétt til bóta án tillits til þess að bæturnar kunni að vera reiknaðar út eða veittar á grundvelli trygginga- og/eða búsetutímabils sem annar einstaklingur hefur lokið og sem raunveruleg greiðsla beinist þar af leiðandi til en er þó ekki endilega sá sem tekur við greiðslunni.

Ekki ber að skilja „bótaþegi“ sem foreldri, fulltrúa, þann sem fer með umboð eða lögráðamann sem tekur við bótunum fyrir hönd bótaþegans.
2. Allur frádráttur með skírskotun til 2. mgr. 111. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 getur verið af ógreiddum bótum eða reglubundnum greiðslum til bótaþega óháð því hvaða svið almannatrygginga greiðslurnar, sem greiddar eru, heyra undir með því skilyrði að frádrátturinn uppfylli bæði kröfurnar í löggjöf aðildarríkisins, sem leitar eftir því að endurheimta umframgreiðsluna, og í aðildarríkinu sem beðið er um að framkvæma frádráttinn.
3. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Hún tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir birtingu hennar.

*Formaður framkvæmdaráðsins,*

Jorma PERÄLÄ

---

<sup>(1)</sup> Breytt og uppfært með reglugerð ráðsins (EB) nr. 118/97 frá 2. desember 1996 (Stjúd. EB L 28, 30.1.1997, bls. 1).